

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2013

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um lánshæfismat og greiðslumat, sbr. lög nr. 33/2013 um neytendalán

Vísað er til nýrra draga að reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat, sem og til fundar sem fulltrúar Landssamtaka Lífeyrissjóða (LL) áttu með starfsmanni ráðuneytisins. Eins og fram kom á fundi okkar vilja LL fá að koma að frekari athugasemdum við reglugerðardrögin.

Um 3.tl. 2. mgr. 6. gr.

Í framangreindu ákvæði kemur fram að „Skuldastöðuyfirlit úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust auk staðfestingar á eftirstöðvum og greiðslubyrði allra skulda sem ekki koma fram í skuldastöðuyfirliti“ eigi að liggja fyrir við gerð greiðslumata.

Að mati LL er óskýrt til hvers er verið að vísa í þessu sambandi. Er hér verið að vísað til gagnagrunns sem hver og einn lánveitandi getur safnað saman um viðskiptasögu viðskiptavina sinna eða er hér verið að vísa til gagnagrunns á vegum þriðja aðila? Ef verið er að vísa til gagnagrunns á vegum þriðja aðila verður ekki annað séð en að með því sé verið að skylda lánveitendur að óþörfu til að gerast aðilar að gagnagrunni þriðja aðila sem er einkaaðili og gegnir ekki sérstöku lögbundnu hlutverki.

Markmiðið með ákvæðinu hlýtur að vera að réttar upplýsingar um stöðu skulda umsækjanda liggja fyrir við gerð greiðslumata. Því markmiði verður best náð með því að í ofangreindu ákvæði komi fram að við gerð greiðslumata eigi að liggja fyrir upplýsingar um eftirstöðvar og greiðslubyrði allra skulda lántaka ásamt staðfestingu hans á því að upplýsingar um skuldir sem fram koma í skattframtali séu réttar og hafi ekki breyst. Í 5. mgr. 4. gr. reglugerðardraganna er t.d. byggt á því að lántaki staðfesti að upplýsingar úr eldra greiðslumati hafi ekki breyst og því eðlilegt að byggja á svipaðri nálgun vegna nýs greiðslumats.

Ef ætlunin með ofangreindu ákvæði er að vísa til skuldastöðuyfirlits þriðja aðila, sbr. t.d. gagnagrunns á vegum fyrirtækisins CreditInfo, er einnig rétt að taka fram að ekki koma allar skuldir fram í því skuldastöðuyfirliti og þyrfti því ætíð að kalla eftir viðbótarupplýsingum eða staðfestingu frá lántaka um stöðu skulda hans.


Um 2.mgr. 8. gr.:

Í framangreindu ákvæði kemur fram að virði fasteigna við útreikning á árlegum rekstrarkostnaði skuli miða við hæsta fyrirliggjandi mat, fasteignamat, brunabótamat eða verðmat löggilts fasteignasala, eftir því sem við á. Hér er rétt að benda á að lánveitingar fasteignaveðlána eru oft veittar í tengslum við fasteignakaup lántaka og liggur þá kaupverð viðkomandi fasteignar fyrir sem lánað skal út, sem er oftast lægra en verðmat fasteignasala en getur verið hærra en fasteignamat eða brunabótamat. Að

mati LL væri réttast að tiltekið væri í reglugerðinni að heimilt væri að leggja til grundvallar kaupverð fasteignar t.d. í þeim tilvikum ef kauptilboð/kaupsamningur er ekki eldri en 12 mánaða.

Að lokum vilja LL þakka fyrir að fá að koma því að veita umsögn um reglugerðardrögin sem og nýlegan fund með starfsmanni ráðuneytisins. Eins og fram kemur í fyrri umsögn telja LL það mikilvægt að fá að koma að þessu verkefni enda hafa lífeyrissjóðir innan vébanda samtakanna veitt fasteignaveðlán til sjóðfélaga sinna um áratuga skeið.

Virðingarfyllst,



f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða